

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1065/2013

2014/EES/73/47

frá 30. október 2013

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008
um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga
á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lýðveldið Perú sótti um að „Pisco“ yrði skráð sem landfræðileg merking í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. „Pisco“ er ávaxtabrennivín, sem hefur er fyrir að sé framleitt í Perú, með gerjun og eimingu þrúgna.
- 2) Meginatriðin sem tilgreind eru í tækniskjölunum fyrir „Pisco“ voru birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins ⁽²⁾ í tengslum við andmælaferlið í samræmi við 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008. Þar eð framkvæmdastjórninni hafa ekki borist nein andmæli í samræmi við 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ber að skrá umrætt heiti í III. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Í samræmi við samninginn um að koma á samstarfi milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Lýðveldisins Síle hins vegar, sem var samþykktur með

ákvörðun ráðsins 2002/979/EB ⁽³⁾, er „Pisco“ vernduð upprunatáknun fyrir brennda drykki sem eru upprunnir í Síle. Því skal koma skýrt fram að verndun landfræðilegu merkingarinnar „Pisco“ fyrir vörur sem eru upprunnar í Perú hindrar ekki notkun slíks heitis fyrir vörur sem eru upprunnar í Síle.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 bætist eftirfarandi við í vöruflokki „9. Ávaxtabrennivín“:

	„Pisco“ ⁽¹⁾	Perú
--	------------------------	------

⁽¹⁾ Verndun landfræðilegu merkingarinnar „Pisco“ samkvæmt þessari reglugerð hefur ekki áhrif á notkun heitisins „Pisco“ þegar um er að ræða vörur, upprunnar í Síle, sem eru verndaðar samkvæmt samstarfssamningnum milli Sambandsins og Síle frá 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 141, 12.5.2011, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 352, 30.12.2002, bls. 1.